



Kerlingin (/the anonymus woman in Icelandic folklore)
og djöfsi (/and the devil who was never taken seriously in Iceland)
– **og myndin af Jesú** (/ - and the picture of Jesus Christ)

The woman and the Devil – and the picture of Jesus Christ

Við Íslendingar tókum þennan herra Djöful í Helvíti aldrei alvarlega. Frekar að við dáðumst að hitunarkerfinu hjá honum. Kannski virkaði hann þarna suðrí löndum, en sko ekki hér norður í rassgati.

We Icelanders never took that churchian invention “Mister Devil in Hell” seriously. We rather admired his efficient heating facilities. He may have worked as a threat-tool for obedience down South, but in the far North not.

Hver sem er gat platað hann, lofað honum sál sinni, en alltaf sigrað hann í hvaða þraut sem var - það sem sálin var að veði.

Everyone could cheat on him, promise him the soul, but always beat him in any competition - in which the soul was at stake.

Í upphafi voru það heiðnir vitkar sem sneru á kölska, en þar eð þessar sögur voru lifseigar og ómögulegt að kveða þær niður, breytti kyrkjan þeim í að prestar gátu haft kölska undir með guðlegum krafti sínum.

To begin with, a heathen vitki (wise man), heathen vitkar (wise men), could have the Devil under, but as these persistent stories irritated the church, they turned vitkar (wise heathen men/women) into churchian priests so powerful that they could win over the Devil.

Engu að síður eru ótal þjóðsögur um kerlingar sem göbbuðu skrattann. Lögðu sál sína að veði, og höfðu svo alltaf betur. Hann bara átti erfitt uppdráttar hér á Íslandi. Kerlingin var alltaf ótrúlega orðheppin og kæn. Nú á tímum væri þetta kallað einelti og jafnvel kúgun (á aumingja djöfssa).

But yet, women kept on - in folklore stories - cheating on the poor little Devil, nick-named skratti, here in Iceland. He never had a good life here.

Kerlingin (/the woman) was unbelievably felicitous, and really cunning.
Nowadays this would be termed as mental bullying
and even black-mailing (on the poor little devil).

Kerlingin í þjóðsögunum hefur aldrei nafn. Alltaf bara kerlingin.

Women never had names in these folklore stories, derogating “kerlingin” (the woman) was always used for these cunning and clever folklore-women.

(--Note: karl is a male-human, kerling a female human.
Funnily enough, in folklore karlar have names,
but any kerling is just kerlingin.

Contrary:

In the Icelandic Sagas women have names.
Sometimes they are crucial main characters.--)

Kerlingin og djöfsi – og myndin af Jesú

The woman and the Devil – and the picture of Jesus Christ

Einu sinni var kerling nokkur að skúra kyrkjugólfið í lítilli kirkju sem enginn vissi um. Kella var hreint ekki kát, því gólfið var allt annað en hreint. Menn mættu í kirkju aðeins til að geta sezt niður og hvílt sig þessa messustund, jafnvel þótt bekkirnir væru óskaplega óþægilegir. Menn gátu jafnvel dottað smá, því presturinn var alltaf mjög leiðinlegur. Hótanir um eilífa kvöl bitu lítt á Íslendinga. Þeir höfðu um annað að hugsa.

Once a woman, “kerling”, was scrubbing the church-floor in a little church in a remote place of which almost no-one knew. She was not happy at all, because the floor was dirty. People showed up in church only to be able to sit down and rest from all that hard work, even if the narrow, wooden church-benches were awfully uncomfortable. They could even take a nap, because the priest was always awfully boring. Threats of eternal suffering had little impact, as Icelanders had other things to think about.

Eftir messu þurfti kerlingin að skúra kyrkjugólfið.

After mass, kerlingin had to wash the church-floor.

Djöfsi kom inn í kyrkjuna, þar sem hann sá að kerlingin var ein, skrúbbandi gólfið.

-Hæ, kerling, sagði djöfsi.

The Devil entered the church, as he saw that kerlingin (/the woman) was alone, scrubbing the floor.
-Hi, kerling, said the Devil.

Kerlingin leit upp, gretti sig aðeins, spurði svo snubbaralega:

-Hvern fjandann ert þú að gera hér? Þetta er kyrkja!

Kerlingin looked up, frowned a bit, then asked snappishly:

-What the hell art thou doing here? This is a church!

Djöfsi:

-Ég veit, kelli mín. Þetta er kyrkja. Og ég sé að þú ert að skúra skítugt gólfið. Er þetta ekki niðurlægjandi vinna -- að minnsta kosti í samanburði við prestinn sem aldrei gerir neitt, en fær helling af peningum fyrir þetta ekki neitt.

The Devil:

-I know, my little kerling. This is a church. And I can see that thou art scrubbing the dirty floor. Is not that a humiliating job, at least compared to the priest that never does anything, but gets lots of money for that nothing?

Kerlingin:

-Ja, jú, herra Kölski, kannski er það svo. Ekki er öll vinna vel launuð. Og svo hélt hún áfram að skúra.

Kerlingin:

-Well, Mister Devil, there could be a point in that. Not all work is well appreciated, not all work is well paid.
She went on with her scrubbing.

Djöfsi:

-Og presturinn er ánægður, og presturinn er virtur, meðan enginn tekur eftir þér.

The Devil:

-And that priest has all the fun, all the prestige, too, but thou art not noticed at all.

Kerlingin (ákveðin og skipandi – reisir sig upp og horfir beint í augu kölska):

-Geturðu ekki bara tekið þennan prest í þitt helvíti? Hann er alltaf að káfa á stúlkunum og ungu konunum.

Kerling (demanding (and determined), straightens her back and looks the devil in the eyes):

-Canst thou not just take that priest to thy hottet Hell?
He is always bothering the girls and the young women.

Djöfsi (nú hávær og æstur, nærri því æpir):

-Nei ! Nei nei ! Helvítið mitt er allt fullt af prestum og djáknum og biskupum og páfum, og ég hef ekki pláss fyrir fleiri. Og þú hlýtur að vita að þið fáíð bara annan engu betri ef ég tek þennan. Þeir eru kynóðir upp til hópa.

Devil (determined, almost shouting):

-No no no! My Hell is full of priests and deacons and bishops and popes, and I have no place for more of them. Besides: If I take that one, you people will just get another one no better. They, most of them, are sex-maniacs.

(Djöfsi nær aðeins tókum á skapi sínu, og heldur áfram:)

-Katólski biskupinn á Íslandi mátti ekki giftast en átti samt konu og börn – katólskir prestar og biskupar mega aðeins gera dú dú án þess að giftast. Það er til þess að þeir eigi enga lögerfingja, og eigur þeirra renna þá til stofnunarinnar.

(Djöfsi (/the devil) now makes an effort to calm his feelings, and continues:)

-The Catholic bishop in Iceland had a wife and children, even if he was not supposed to get married - Catholic priests and bishops should only have sex without getting married. That is because then they have no legal heirs, and their possessions go to the institution.

Kerlingin:

-En hann er sískrökvandi líka. Á hverjum sunnudegi. Hann segir að við skulum eigi segja ósatt, en svo lýgur hann meir en hann mígur sjálfur.

Kerling:

-But this priest is a liar too. He is lying to us in church every Sunday. He says that we should never lie, but then lies a hell of a lot himself.

(Note: lýgur meir en hann mígur is an Icelandic proverb; literally: he lies more than he urinates (míga is an impolite word).)

Djöfsi:

-Það er nú vinnan þeirra.

Ég vinn nú fyrir þessa sniðugu stofnun þeirra líka, en fæ ekkert borgað.

Devil:

-That is their profession.

I, actually, work for that institution of theirs too, only I do not get paid for my part in the trickery.

Kerlingin:

-Prestarnir segja að djöfullinn sé til. Ég veit andskotann ekki hvort þeir eru nógu heimskir til að trúa þessu sjálfir. Nú, kannski fá þeir bara kaup fyrir að segja manni þetta.

Ef maður ætlar að gabba heimskingjana, segir maður þeim bara að maður sé að vernda þá gegn óvini þeirra. Svo bara býr maður til óvin, ha?

Kerling:

-Priests even claim the Devil to exist.

I do not know if they are stupid enough to believe that themselves. Or
perhaps they only get paid for saying this.
If we want to fool the stupid ones, we tell them we are protecting them
against an enemy. And we invent an enemy. Right?

Djöfsi kinkar kolli til samþykkis.

The Devil nods as a consent.

Kerling (áfram):

-Ég sagði prestinum að það sé ekki til neitt sem heitir djöfull. Hann
hafði í reiðum höndum svar til að sanna mál sitt:
„Ef þú telur, kerling, að Satan sé ekki til, ó þú synduga og aumkunarverða
kona, er það sönnun þess að þú ert svo haldin djöflinum að þú sérð hann
eigi.

Kerlingin (cont.):

-I told the priest that there were no such thing as a Devil,
but he had a contradicting fool-prove answer ready:
“If thou claimest, kerling, Satan not to be for real, thou sinful and pitiful
woman, then that is the reliable evidence of that thou art so possessed by
Satan that thou seest him not.”

Djöfsi hlær og svarar:

-Þeir fá borgað fyrir alls konar innþrentun sem kemur stofnuninni
þeirra til góða.
Ég skal kenna þér sannleikann í þessu máli, og í öllum málum.

Devil (laughing):

-They get paid for all kinds of brain-washing that can benefit their
institution.
I shall tell thee the truth in these matters.

Kerlingin (skrúbbandi nú af miklum móði):

-Já, en, hvernig get ég trúað þér þar sem þú ert ekki til?

Kerlingin (vigorously going on with her scrubbing):

-But how can I believe thee when thou dost not to exist at all?

Djöfsi:

-Lofaðu mér sál þinni og ég skal segja þér allan sannleikann.

En sjáðu, kerling: Þessi mynd af Jesú er orðin ósköp illa farin. Málningin er
bara farin að flagna af. Ég held að þú ættir að flikka svolítið uppá hana.
Skrúbba hana upp, skítinn af, og gera hana flotta aftur með nýrri málningu.

The Devil:

-Promise me thy soul, and I shall tell thee the whole truth.

But, by the way, kerling. This picture of Jesus is getting shabby, and the paint is all starting to peel off. I think thou shouldest refresh it a bit, scrub off the dirt, and make it beautiful again using some new paint.

Nú er þetta að verða að verulega efnismikilli sögu

Now this is becoming a really juicy story

Því kerlingin fann málningu og pensla og tók til við að lagfæra þessa annars flögnuðu mynd af Jesú Kristi. Bara alveg til skammar að hafa hana svona. Og hún málaði og málaði, alls staðar þar sem málningin var flögnuð af.

because the woman found some paint and pensils, and started to repair that otherwise pealed-off picture of Jesus Christ. It was really a shame to have it so shabby. So she painted and painted, everywhere where the paint was peeling off.

Jesú Kristur:

-Ég er dálítið óþekktanlegur núna.

Jesus Christ:

-I am a bit unrecognizable now.

Djöfsi:

-Það eru til ótal myndir af þér, Jesú Kristur, og enginn þeirra er eins og þú.

Varstu ekki lausaleiksbarn? Var þessi Jósep settur í söguna sem kærasti, og ekki búinn að gera neitt dúdú fyrir brúðkaup, til þess að mamma þín væri ekki grýtt til dauða? Og þú ert alls ekki fæddur í Betlehem. Veistu nokkuð hvenær þú átt afmæli – nú eða hvort þú varst nokkurn tíma fæddur!!

Ég vona bara að þessi guð kallaður Guð sé alls ekki pabbi þinn. Þú ert góður en hann er barasta vondi karlinn í heiminum notaður af vondu körlunum í heiminum.

The Devil:

-There are endlessly many pictures of thee, Jesus Christ, and none of them as thou really art.

Thou warst an illegitimate child, right?

Was that guy Josep put into the story as a boyfriend, and he not having done any “blib” before marriage, as otherwise thy mother would have been stoned to death?

And thou warst not born in Betlehem at all.

Dost thou know when thy birthday is – or – even if thou ever warst born!!

I hope that this god named God is not thy father at all. Thou art good, but he is an all-worldly bad guy, used by the bad guys in the world.

Kristur þegir. Þetta var raunar alveg satt.

En hann bætir við:

-Þessar sögur í Nýja testamentinu eru bara ekkert um mig neitt.

Christ says nothing. This was actually quite true.

But Jesus adds:

-These New Testament stories have nothing to do with the real me.

Kerling:

-Láttu frelsarann í friði, Skratti. – Þú særir hann með þessu bulli.

Kerlingin hefur engan áhuga á miðaldasöguleiðréttingum og rómverskum lygasögum.

Kerlingin:

-Stop talking like that to our Saviour, Satan. Thou canst
hurt his feelings with that silly talk.

Kerlingin is neither interested in correction of medieval history,
nor in invented Roman stories.

Djöfsi (horfir á viðgerða málverkið af Jesú):

-Mér finnst þú svo sætur svona, Jesús minn.

The Devil (looking at the newly refreshed painting of Jesus):

-I find thee so cute like this, my dear Jesus.

Presturinn (kemur inn í kirkjuna – á sér einskis ills von):

-**Jesús minn Kristur !!!** - æpir hann í ósköpum sínum, þegar hann
sér viðgerð kerlingar. -Hvað ertu að gera, kerling!?

The priest (entering the church – not aware of what awaits him)
grasping his breath he exclaims:

-**My Jesus Christ!** Kerling ! What hast thou done !!?

Kerling:

-Hann var orðinn svo illa farinn, blessaður.

Kerlingin:

-He was getting too shabby, the blessed Lord Jesus.

Kristur þegir,

og djöfsi felur sig á bak við skírnarfontinn.

Christ does not utter a word, and
the devil hides behind the font.

Prestur stamar:

Hvernig í ósköpunum fékkstu þessa hræðilegu hugmynd, kerling!?

Það er engu líkara en að skrattinn sjálfur hafi hlaupið í þig!

The priest:

What on earth made thee get this horrible idea, woman!
Looks as if Satan himself has overtaken thee!

Kerling:

-Það var sko hann.....

Kerling:

-Actually it was he who.....

(djöfsi slær í hana með sínum langa djöflahala, til þess að minna hana á að hún má ekki tala af sér með því að segja sannleikann)

(the devil whips her by his long tail, so reminding her that she must not tell the truth)

... (kerlingin stamar lítið eitt) -það var sko þannig að mér fannst Jesú vera að flagna af spýttunni.

..... (kerling stammers a bit) it was, actually, so, that, eh, I had the feeling that Jesus was getting peeled of the picture.

Skemmst frá að segja, var kerlingin skömmuð fyrir að eyðileggja myndina af Jesú Kristi. Og sagan fór að kvisast út - þessi hræðilegu afglöp kerlingar. Öll sóknarbornin komu í kirkjuna til að skoða myndina af Jesú Kristi, og aldrei hafa svo margir komið fríviljugir í kirkju.

To make a long noisy story short,

the woman was scolded for having ruined the painting of Jesus Christ.
The story became a gossip, all about this terrible mistake that woman made.
All the people belonging to this church showed up in church, not really to listen to the priest, but to look at that gossip-famous, ruined picture of Jesus Christ.

Never ever have so many people come to church by their own initiative.

Blaðamaður komst í söguna og þá fór hún að berast um alla fésbók. Myndin af Jesú Kristi og viðgerð kerlingar barst um allan netheim.

A journalist overheard the story somewhere.

Then the story rushed through Facebook.

The painting of Jesus Christ and the repair done by the woman hit the world wide web.

Þegar einhver staður verður frægur í svona heimi, þurfa allir að fara að heimsækja þann stað. Einsog við vitum stjórna fréttir lýðnum, og lýðurinn fór að streyma að.

When some place becomes famous in that web-world, everyone has to go and visit that place.

As we know, news drive the mob, and the mob showed up.

Æ fleiri komu í kirkjuna,
kerlingin þvoði gólfíð, og þvoði gólfíð, kirkjugólfíð, því alltaf sporaðist meira
og meira.

More and more people visited the church,
kerlingin washed the floor and she washed the floor (the church-floor)
because more and more people made the floor ever dirtier and dirtier.

Ferðamenn tóku sjálfur af sér og Jesú Kristi - þessum viðgerða -
Jesú Kristur brosti fallega á myndunum, þótt viðgerða andlitið væri ekki svo
fallegt.
Þetta fór allt á fésbók - sem var auðvitað til að auka á forvitnina.
Snjóboltaáhrifin, þið vitið. Kallast líka mógsefjum stundum.

Tourists took selfies of themselves together with the repaired Jesus.
Jesus Christ tried to smile lovingly on the pictures, even if the repaired face
was not so pretty at all.

All hit Facebook - to evoke more curiosity.
We have the words snezzing, snow-ball effects, and peer pressure, right?

En það var einn kostur: Menn settu smápeninga í baukinn, og sumir
smáseðla, því auðvitað var baukurinn við dyrnar, sást vel þegar menn gengu
út.

One good thing came out of it though, as people dropped coins into the
begging-box – which was, of course, placed by the door so that no-one
leaving the church could miss it.

Það þurfti að tæma baukinn reglulega, og stundum komu heilu rúturnar.

The box had to be emptied regularly,
and sometimes full bus-loads of curious people showed up.

Að vísu voru sumir aðeins með kort - og baukurinn réð ekki við svoleiðis -

Well, some only had credit cards
– and the begging-box could not cope with that.

En presturinn sá við því, því helsti hæfileiki presta er að hala inn pening úr
annarra manna vasa, svo hann setti kortagreiðslu- eða kortagjafamöguleika
við hliðina á bauknum. Posa með pinni og GEFIÐ HÉR.

But the priest could cope with that challenge, as priests talent is mostly to
suck in money from other peoples' pockets. He put up facilities for cards,
right on one side of the begging-box: DONATE HERE (card in slot and your
pin number).

Kerlingin skrúbbaði og skrúbbaði kirkjugólfið, og það þurfti líka að hirða kúk af leiðum í kirkjugarðinum, því þar var eina afdrepið - bakvið legsteina - sem ekki sást af víðavangi.

The woman, kerlingin, scrubbed and scrubbed (the church-floor).
Some of the visitors left their fecs in the cemetary
(as behind grave-stones they were not seen
in times of such needs).

Sjóður kirkjunnar gildnaði, sem auðvitað var kerlingunni að þakka.

The church became rich,
which of course was because of what the woman did.

Nei, það var nú raunar ekki henni að þakka, manstu. Enda var djöfsi nú orðinn gulur og grænn af öfund og pirrelsi, því hrekkurinn hans var að verða fépúfa handa erkióvini hans, kyrkjunni. Afleiðingar sem hann reiknaði ekki með. Hann var bara að hrekkja Jesú smá.

No, remember, it was not the woman, but the devil who caused these riches.
The devil was annoyed, of course, as his prank turned into lots of money for
his cardinal enemy, the church. He did not count for that.
He was only going to make some cute little fun of Jesus.

Kerlingin settist á kirkjubekk, úrvinda af þreytu, þegar aðeins var hvíld frá ferðamannastraumnum.

Kerlingin sat down on the bench in the church, completely exhausted, when
there was a little break between loads of visitors.

Djöfsi kemur nú til hennar, ljúfur einsog lamb, og segir:
-Mér finnst nú ekki sanngjarnt að helvítis presturinn fái alla þessa peninga,
þegar það vorum nú við sem áttum hugmyndina. Farðu nú bara og steldu
úr bauknum. Það er andskotans nóg handa honum þetta sem fer inná
reikninginn hans.

Djöfsi (the devil) says to her, as sweetly as he possibly can:
-I don't think it is fair that the blasted priest gets all that money as it was
we, thou and I, who got the idea. Just go and take the money from the
begging-box for thyself. What he gets into his account is more than enough
for him, that blasted..... - He does not deserve all this money.

Kerlingin:
-STELA úr BAUKNUM!

Kerlingin:
-STEAL from THE BOX!!

Jesú Kristur:

-Þú skalt eigi stela.

Jesus Christ:

-Thou shalt not steal.

Djöfsi:

-Þetta er ekkert að stela. Við eigum þetta í raun, þú og ég.

Mig vantar t.d. peninga í reksturinn hjá mér. Það er allt að kulna hjá mér.

Búið að leggja hreinsunareldinn niður af páfanum, m.ö.o. það hótunar-fyrirtæki fór á hausinn. Allt er á leið til helvítis, allt á leið í gjaldþrot. Enginn sem trúir á þetta helvíti lengur.

Allt heila fyrirtækið er gert fyrir kirkjuna. Ekki neitt gert fyrir mig. Ég þarf að kynda.

Hjá mér fyllist allt af prestum og biskupum, því þeir eru alltaf að káfa á konum og drengjum, algjörlega kynóðir.

Það eru þeir sem eru alltaf að segja að ég sé til, svo helvíti er þeirra hagur.

Á ég að bregðast lyginni þeirra?

Djöfsi (/the devil)

-This is not stealing! We own this, actually, thou and I.
need money for my enterprise, as hell is cooling down.

Purgatoire (the soul-cleansing fire) has gone bankrupt. It used to be a threat-institution, but the pope has now closed it down. Everything is going to hell,
in the sense bankrupt. Nobody really believes in that hell any longer.

The whole hell-enterprise is for the church. Nothing for me. But I need to
keep the fire alive.

My hell is filled with priests and bishops, because they are sex-maniacs,
always bothering women and little boys.

They claim me to be for real, and hell is for their benefits. Should I just fail
them, meaning: fail their lies.

Jesú Kristur:

-Þú skalt eigi stela.

Jesus Christ:

-Thou shalt not steal.

Það fauk í djöfssa. Þolinmæði hans og kveikipráðurinn eru þekkt fyrir annað en langlundargeð. Hann sparkaði í baukinn, sem flaug beint uppí predikunarstólinn.

The devil lost his temper. Patience is not his strong point. His fiery
temperament easily explodes.

He kicked the begging-box, which flew right into the pulpit.

-Mark, sagði Kristur.

-Goal, Christ said

(Þessu Mark, sagði Kristur er nú raunar stolið úr spænskri sögu um Don einhvern spænskan, en þetta passar svo vel hér - vonandi engin höfundarréttarmál útaf svona smástuldi. Sagan um viðgerð á Jesúmynd er auðvitað þjófagóss hér líka - og hvað um það og hverjum er ekki sama?)

(This Goal, Christ said is, actually, stolen from a Spanish story about some pastor Don, Spanish, but this fitted so perfectly here; hopefully no suing for theft due to author's rights - this is such a small theft. The story about the repaired Jesus picture is also stolen, - so what and who cares?)

Djöfsi (nær aðeins tókum á skapinu):

-Elsku kelli mín! Þú skalt fá sál mína að launum ef þú tæmir baukinn handa mér.

Devil (trying to pull himself together):

-Thou shalt get my soul as a reward if thou wilt empty the begging-box for me.

Jesú Kristur:

-Þú skalt eigi stela.

Jesus Christ:

-Thou shalt not steal.

Djöfsi:

-Það er öllu stolið. T.d. er allt í þessari þjófsögu meira og minna eitthvert þjófagóss.

Devil:

-Everything gets stolen. For example is almost everything in this particular folklore stolen stuff - more or less.

Jesú verður aðeins hugsí;

Jesú Kristur (frh.):

-Heyrðu mig, Satan! Þú hefur enga sál.

Jesus gets a second thought;

Jesus Christ (cont.):

-Hey, Satan! Thou hast no soul.

Djöfsi:

-Nei, auðvitað ekki. Ég er ekki til. Bara helber lygi, einsog þú hlýtur að vita manna best. Fallinn englill ! Hver fjandinn er nú það?!

Kannski þú ekki heldur. Var það ekki líkið sem steig upp til himna? Og gröfin tóm?

En, kelli mín, ég lofa þér sál minni og helmingi alls sem þú nærð í.

Þá geturðu fengið þér aðstoð við að þrifa, já bara hringt í ræstitækni og borgað ræstitækni fyrir að þrifa gólfíð og kúkinn, ha?

Devil:

-No, of course not. I do not exist. I am a lie from beginning to end, as thou shouldst know. A fallen angel! What the Hell is that?! Perhaps thou art too? Was it not thy dead body that rose up to the sky? And the tomb empty? But, my kerling (/woman), I promise thee my soul and the half of all the money thou canst get hold on. Then thou canst get a professional cleaning person to clean the church floor and pick up the feces in the graveyard. Just pay for that work. hmmm?

Djöfsi (heldur áfram):

-Við getum líka flutt Jesú úti fjós, kelli mín, og haft okkar eigin bauk þar. Hengjum Jesú upp þar.

Setjum upp pílu: **JESÚ → í þessa átt →**

Devil (cont.):

-We can also, my good woman, take Jesus to the cow-shed, and there we can have our own begging box. Hang Jesus up there.

We put up a sign with an arrow:

JESUS → this way →

Jesú:

-Þar er ekki Guðshús.

Jesus:

-That is not the house of God.

Djöfsi:

-Nú, varstu ekki fæddur í fjárhúsi, maður. Ættir að þola smá fjósalykt. Auk þess ertu bara mynd í ramma til að hengja upp. Þú og þessi guð kallaður Guð eru bara notaðir í rómversku heimsyfirráðin.

Devil:

-Well, thou art said to be born in some kind of a shed for sheep. Should be able to tolerate some typical cow-shed smell. Right? Besides, that thou art just a picture in a frame to hang up on a wall. Thou, and that god named God, are simply used in that Roman Conquest of World-dominance.

Kellingin (hvíslar hastarlega að djöfsa):

-Vertu ekki að minna hann á þetta „hengdur upp“. Ósmekklegt.

Kerling (whispering, scolding the devil):

-Stop reminding him of that "hung up". Rude and inappropriate.

Djöfsi (upphátt og hvislar sko ekkert):

-Hann ætti nú bara það vera montinn af því. Meðan menn trúa þessu, koma inn peningar. Kyrkjan stórgræðir á þessu.
Jesú var lausaleiksbarn, ekkert fæddur árið núll, og ekki fæddur í Betlehem.

The Devil (not whispering at all):

-He should simply be proud of it. As long as men believe it, money flows to the church. This is what makes the church so rich.
Jesus was born by an unmarried girl, not the Anno Domini zero, not in Bethlehem.

Jesú:

-Ég er ekki rómverska kyrkjan. Ég þekkti ekki þetta rómverska dagatal, og var bara notaður í þessar sögur þeirra.
Ég sagði allt annað en það sem Rómverjar segja að ég hafi sagt.
Konstantín ákvað að nota það sem einræðinu hans hentaði. Það var kokkað upp og samþykkt árið 325.

Jesus:

-I am not the Roman Church. I know not this Roman calendar.
I was only used in these stories they wrote.
I told truth, entirely opposed to what the Romans claim me to have said.
Emperor Constantine decided to use what served his empire.
That was composed and agreed upon their Roman year 325.

En kerlingin hefur ekki áhuga á sagnfræði, né heldur kristólógíu, og djöfsi var um annað að hugsa.

Kerling takes no interest in history, nor in Christology,
and the devil was thinking about something else.

Kerlingin var nú farin að sjá að allir þessir peningar voru henni að þakka, og það eina sem hún sjálf hafði uppúr því --fyrir utan skammirnar sem hún fékk fyrir að skemma myndina af Jesú Kristi-- var endalaus vinna við að þrifa gólf og kúk, kyrkjugólf og kyrkjugarð.
Hún hringdi í ræstitækni. Hún borgaði ræstitækninum úr bauknum.
Og þau, hún og djöfsi, fluttu myndina af Jesú Kristi úti fjós.

Kerling now realized that all this money was coming in due to
-- or thanks to -- what she did,
and her only share was scrubbing floor and picking up feces.
--Apart from the scolding she got for ruining
the picture of Jesus Christ.--
She phoned the cleaning ladies' company,
she paid the cleaning lady with money from the begging box.
She and djöfsi (--nick-name for the devil--) moved the picture of Jesus Christ
to the cow-shed.

Þar var fyrir kerling ein, mjög svo kímín og íbyggín á svip.

There sat an old woman, or kerling, with a grin on her face, obviously thinking about something spooky.

Kerlingin (okkar) spyr hana:

-Hver ert þú, væna mín? Og hvað ertu að gera hér úti í fjósi?

Our kerling (/woman) asks her:

-Who art thou, and what art thou doing here ?!

Djöfsi (verður fyrir svörum):

-Þetta er amma. Þegar skrattinn hittir ömmu sína, gerist eitthvað enn verra og skemmtilegra en mér hefði nokkru sinni dottið í hug sjálfum.

Djöfsi (the devil; answers for her):

-This is my granny. When skrattinn (the Devil) meets his grandmother, then something happens even worse and more fun than if I myself, aka skratti, ever would have gotten an idea for.

Amma djöfsa:

-Ég er aðeins til á Íslandi. Þú hlýtur, kelli mín, að hafa heyrt mín getið. Stundum hittir skrattinn ömmu sína, sem er enn verri en hann. Ég er að setja upp kortagreiðsluaðstöðu hér handa þér, væna. Reikningurinn er á þínu nafni. Verð þér innan handar.

Devil's granny:

-I am only to be found in Iceland. Thou art sure to have heard about me, kelli mín (/my kerling; --kelli is a nickname for kerling--). Sometimes the skratti meets his grandmother, who is much much worse --and much tougher-- than he is himself.

I am putting up here some facilities for paying by credit cards.

That is for thee, dear. The account is in thy name, and I shall help thee out if anything bad happens here.

Á fjósbitanum úti í fjósi situr þúki og hlær.

Here, in the cow-shed, a þúki (/little devil) sits, laughing.

Þúkinn:

-Á þínu nafni í Jesú nafni, innan handar, amen.

Þúkinn (the little devil):

-In thy name, in the name of Jesus, shall help thee out. Amen.

Kerling segir (við ónýtu myndina af Jesú):

-Kristur minn, ekki áttirðu nú neina trausta vini, því Pétur afneitaði þér -- sú árans heybrók -- og haninn gól.

Our kerling now says (to the ruined picture of Jesus):

-Oh, my dear Christ, thou haddest no thrustworthy friends,
as Peter claimed not to know there – that blasted coward – and the cock
yelled out his cock-crow kookoo.

(Til skýringar: „sú árans heybrók“ er frægt spássiukrot annarrar kerlingar, sem greinilega var æst og pirruð úti Pétur fyrir að afneita Jesú. Spássiukrot eru tíð í handritum, og hafa sum (misvitlaus, misgáfuleg) komist inní textann til frambúðar. – Textar úr handritum eru nú venjulega uppfullir af síðaritímaskáldskap og ambögum hvort eð er.)

(That blasted coward phrase has to be explained, as it is a famous addition on a manuscript made by another kerling (woman) who really disliked Peter for renouncing Jesus.

These later-on written comments are quite common in manuscripts, and some of them....

(--stupid, misleading, not at all containing any intelligent additions/explanations--)

....were there to stay, i.e. got into the stories for good.

--- We know only too well that all texts from manustripts are, anyway, full of later-time additions and ambiguities.)

Jesú segir:

-Það mátti nú ekki krossfesta Símon Pétur á þessum tímapunkti, kona mín góð, því það þurfti að nota hann síðar í sögunni.


Jesus says:

At this time-point in the story, my good woman, they could not have Simon Peter crucified, as he was to be used later on in their story.

En verst af öllu var (--heldur Jesú áfram, mjög sorgmæddur--) þegar Konstantín Rómarkeisari fór að nota mig í heimsyfírráðabruggið sitt.

But worst of all (Jesus continues, --and becomes very sad--) was when the Roman Emperor Constantine started to use me in his conspiracy of world dominance.

Jesú töfrar fram, með e.k. kraftaverki, myndir af Konstantín Rómarkeisara, til þess að sýna keltu:



Jesus now, as by some miracle, charms out pictures of Constantine, the Emperor of the Roman Empire.

Jesú (frh.):

-Það var í bænum Miceu, á því rómverska tilbúna herrans ári (Anno Domini) 325 á kyrkjupingi. Ég þekkti nú aldrei þetta tilbúna dagatal.

Jesus (cont.):

-That happened in the town Micea, in the Roman invented Anno Domini (Lord's Year) 325 on a Churchian Assembly.
I never knew this invented almanak of theirs.

Kerling (sem ekki hefur hinn minnsta áhuga á sagnfræði miðalda):

-Rosalega djöfulli á hann flott föt, karlinn! En er svona spanskgrænn líka?

Kerling (who takes no interest in medieval history and past events):

-Wauw! That blasted bastard has some fine clothes, man!
But is also copper-green?

Jesús (heldur áfram):

-Hann lét þá samþykkja mig sem tæki til að ná tökum á lýðnum.
Þeir strikuðu út það sem ég sagði Tómasi, það sem stendur í Dauðahafshandritunum:
Svo sem í þeim dúrnum: * himnaríki er innan allra manna – sem var það eina sem slapp í gegn.

Jesus (continues):

He had them agree upon me as a tool to get a firm grip on people.
They took out all the truth that I told Thomas; that what is written in the Dead Sea scrolls.
My teachings were more like --what was the only that survived--:
* Heaven is within all men.

Kerlingin:

-Elsku Jesús minn! Ef ég færi að segja svona héldu menn kannski að ég væri Guð!
(--Þessu er stolið frá Dario Fo, einsog allir sjá nú.--)

Kerling:

-My beloved Jesus! If I would say such things, people would start thinking that I were God!
(--This is stolen from Dario Fo, obviously--)

Jesú (heldur áfram að útskýra hvað hann raunverulega sagði):

-Ég sagði:

* Allir menn geta verið einsog ég. Allir menn geta uppljómast

-I said (--Jesus still tries to tell (and correct) what he really said--):

* All men can be like I am. All men can become enlightened.

Kerlingin:

-Hvað er nú það? Presturinn segir manni að vera fátækur, gefa allt til kyrjunnar, og þá komist maður í himnaríkið til þín. Hólpinn.

Hann, presturinn, er á fullu kaupi við að segja manni þetta sem hinn eina sanna sannleika.

Hver heldurðu að skilji þetta sem þú ert að segja, Kristur minn?

Kerling:

-What on earth is that! The priests tells us to be poor, give what we have to the church, and then we shall enter thy Heaven. Salvation. Be with thee in Heaven forever.

He gets his wages for telling us that this is the only true Truth.

Whom dost thou expect to understand what thou sayest now!?

Jesús (--reynir áfram að leiðrétta sinn málstað

en auðvitað er enginn að hlusta. Kella og djöfsi eru á kafi í skipulaginu--):

Jesus (--still trying to amend the misleading flaws
that have been imprinted

but, of course, nobody listens).

Djöfsi and kerling are too busy arranging things--):

Ég sagði mönnunum:

* Bænin er ekki orð, heldur kemur frá hjartanu á því máli sem samsviðið skilur. Við sameinum hugann og hjartað í eitt.

What I always taught is:

* A prayer is not just words, but comes from the heart
using the language that the Unified Field understands.
We unite heart and mind to one.

Í staðinn settu þeir kanónur um hitt og þetta sem hentar einræðisherrum:

* aðeins ein ævi svo upp eða niður,

og

* sá sem ekki hlýðir páfanum (--páfi var nýr titill á Rómarkeisara--) kemst ekki í neina himnasælu eftir andlátíð.

Og að

* aðeins í gegnum Rómarstofnunina (--sem kallast nú kyrkja--) fáir menn sáluhjálp (ef þeir borga pening og gefa eigur sínar til keisarans, ...ég meina páfans).

* Allir aðrir fara í hreinsunareldinn og til helvítis.

* Að sálir þjáist – en sannlega sannlega segi ég yður: Sálin þjáist aldrei.

-Instead they put canones that serve despotic emperors – such as:

* Only one life-span and then up or down,
and

* he who obeys not the pope (--pope was a new title for Roman Emperor--)
enjoys no heavenly bliss after death of the body.

And that
* only through the Roman Institute (--now named Church--)
men are saved (if they pay money and give their possessions
to the Ceasar, I mean the Pope.
All other men go to Purgatoir and to Hell.

They imprinted that *souls suffer - but truly truly I tell thee: Soul never
suffers.

Djöfsi:

-Nú ! Þetta er bara orðið sálfræðiviðtal, Jesú minn. Mikið hefur þú
þjáðst á myrkum miðöldum, drengur. Þjáðist ekkert í lifanda lífi.
Hvað ef menn vissu að sálin þjáist ekki í helvíti !! Allt apparatið ónýtt,
maður. Ég bara hlægileg figúra?
Hættum þessu, Jesú minn. Við höfum verk að vinna hér.

The Devil:

-Well, well, my Jesus Christ. This is becoming a psychotherapeutic treatment.
Thou hast suffered a lot during the dark middle ages, oh, boy!

What if men knew that a soul does not suffer in Hell !!
The whole enterprise ruined, man!
I would simply be a stupid funny figure?
Now stop this, dear Jesus. We have a work to do here.

Kerling:

-Það trúir þessu nú enginn, Jesú minn. Þú veist að prestarnir fá rosa
kaup fyrir að kenna lygina sem þessi flotti Konstantín bjó til.

Kerling:

-Nobody will believe this, my Jesus Christ.
Thou knowest that the priests get good wages for imprinting the lies
that this handsome Konstantín invented.

Djöfsi:

-Constantine var bara klár í sínum hernaðarbrellum. Ekki vanmeta
rómverska hernaðarlist. Heimsyfirráð krefjast klókinda, Jesú minn saklaus.

Djöfsi:

-Constantine was simply clever when it came to strategy.
Do not undermine Roman strategy.
World Empires need cunning strategy, my little innocent Jesus.

Kerling (mjög leið):

-Það vill heldur enginn vera eins og þú núna eftir að ég skemmdi
myndina af þér, Jesú minn. Alveg óvart. Ég er bara ekki góður listamaður.

Kerlingin (very dismayed):

-Besides, that nobody wants to be like thou art now,

as I have completely ruined the picture of thee.
I am simply not a good artist.

Djöfsi:

-En þú ert fræg og rík, kelli mín. Hvað er list eiginlega?

Djöfsi:

-But thou art famous and rich, kella (shortening for kerling).
What is art, anyway?

Kerling:

-Það vill enginn vera svona, Jesú minn. Það vill enginn vera einsog þú, Jesú minn. Mér þykir þetta leitt.

Kella:

-Nobody wants to be like that, my good Jesus.
No-one wants to be like thee, my good Jesus. I am so so so sorry.

Jesú Kristur var nú hengdur uppá fjósbita. (Þau stálu, semsagt, myndinni úr kirkjunni og fóru með hana úti fjós.)

Hingað skyldi ferðamannastraumnum nú beint.

Jesus Christ is now hung up on a beam in the cowshed.
(That is to say: the stole the picture from the church and carried it to the
cowshed.)
Here is where the flood of tourist will be led.

→ **Jesú -- þessa leið** →
→ **fjárhús Jesú** →

→ **Jesus -- this way** →
→ **Jesus's cow-shed** →

Hefði nú verið smekklegra að þau leggðu myndina í jötuna. Þeim bara datt það ekki í hug, því myndir eiga alltaf að hanga, ekki liggja.

Would perhaps have been more appropriate if they had laid the picture
into the hay in the feeding-stall,
only, they didn't think of that.
Pictures are meant to hang, not to lie.

Jesú Kristur:

-Þú skalt eigi stela.

Jesus Christ:

-Thou shalt not steal.

Það hafði engin áhrif á kerlinguna núna, enda átti hún núna, með fullum rétti, sál djöfsa og nógan pening.

The woman, kerlingin, was not touched by that.
She, now, rightly owned the devil's soul and bunches of money.

Í fjósinu var bæði betlibaukur og posi fyrir hvaða kort sem vera kann.

In the cow-shed there were both a begging-box by the door,
and
facilities for any credit and debit cards could be used here to pay
-- I mean donate.

Guð kom málinu ekkert við lengur, enda er hann nú orðið talinn vondi karlinn, alls ekki eins góður og haldið hefur verið að okkur. Jafnvel talið nú á tímum að sagan sé öll á haus: Nú er sagt að kölski sé góður fallinn engill og í raun góði karlinn í sögunni.

That god named God was not in this story any more.
Besides, that he is now considered to be the bad guy,
definetely not as good as we have been told.
Even, nowadays it is suggested that the whole story is upside down:
Now some say that the devil is a good fallen angel, and
actually the good guy in the whole God-story.

Amma skrattans skemmti sér við útbreiða þá útgáfu: ömmubarnið mitt er góði karlinn.

Og hún tók að sér að sjá um að presturinn gat ekkert aðhafst í Jesúmyndarmálinu.

Amma Skrattans er miklu skæðari en fjandinn sjálfur, segir þjóðsagan. Og þjóðsagan er það sem menn trúa.

The devil's grandmother took great deligth in
spreading that new version of the story: My grandson is the good guy!

She also undertook the amusing task of keeping the priest away from the picture-theft case, see to that there was nothing he could do about it.
The devil's granny is much much more powerful than the devil himself, our Icelandic folk-lores claim. And folk-lore is what people believe.
